

Minnisblað

Skoðun gatnamóta við Sólarsali



Tillaga að deiliskipulagi Arnarnesvegjar milli Fífuhvamsvegjar og Rjúpnavegjar var unnin af Kópavogi í samvinnu við Vegagerðina (mál nr. 717/2025 í skipulagsgátt). Komið hafa inn ábendingar er varða útfærslu gatnamótanna við Sólarsali og er þessu minnisblaði ætlað að svara þeim ábendingum.

1. Núverandi gatnamót

Núverandi tenging Sólarsala við Arnarnesveg eru T-gatnamót með vinstribeygju vasa af Arnarnesvegi inn á Sólarsali.

Vegtegund Arnarnesvegjar er A22 en þegar þessi hluti Arnarnesvegjar var byggður var hann skilgreindur sem A3 (sambærileg skilgreining og A22 skv. núgildandi Veghönnunarreglum).

Umræddur kafla á Arnarnesvegi er fyrsti hluti vegjarins sem var byggður, en alls var veginum skipt upp í 3 áfanga. Í frumdrögum frá árinu 2002

er þess getið að Vegagerðin og Kópavogsbær hafi komist að samkomulagi um að núverandi tenging við Sólarsali yrði einungis til bráðabirgðar og að framtíðartenging Sólarsala við Arnarnesveg myndi eingöngu vera inn á nyrðri akbrautina, þ.e. ekki yrði leyfð vinstri beygja frá Arnarnesvegi né vinstri beygja frá Sólarsölum. Þetta er gert vegna þess hversu stutt er á milli gatnamóta á þessum stað (bls 13, Frumdrög DES.2002) sem samræmist ekki veghönnunarstöðlum.

Í kaflanum sem fjallar um umferðaröryggi í frumdrögum var tekið fram að til þess að sporna við mögulegum U-beygjum á Salavegi mætti koma þar fyrir hringtorgi og tryggja þannig aðkomu íbúa að Sólarsölum. Sökum skorts á fjármagni þegar þessi hluti Arnarnesvegjar var byggður var ekki hægt að framkvæma hringtorg við Salaveg og var því tekin sú ákvörðun að heimila vinstri beygjur við Sólarsali tímabundið.



Fyrirhuguð lega vegjarins um Leirdal hlykkjast þar í þremur bogum ($R=450, 600$ og 500 m) og þar eru tvönn gatnamót (við Sólarsalir og Salaveg) auk gatnamóta við Fífuhvamsveg. Vegagerðin og Kópavogsbær komust að samkomulagi um það að tenging Sólarsala inn á Arnarnesveg myndi eingöngu verða inn á nyrðri akbrautina þ.e. ekki yrði leyfð vinstri beygja frá Arnarnesvegi né vinstri beygja frá Sólarsölum. Þetta er gert vegna þess hversu stutt er á milli gatnamóta á þessum stað.

Síða 1/4

Vegagerðin

2. Ný útgáfa gatnamóta

Hönnunin sem unnið er að núna, og deiliskipulagstillagan byggir á, er í samræmi við upphaflegu frumdrögin (2002). Tenging við Sólarsali verður útfærð



sem hægri inn og hægri út þannig að íbúar við Sólarsali þurfa að nota nálæg hringtorg til að komast inn í Sólarsali eins og staðið hefur til frá því að frumdrög að Arnarnesvegi voru gerð. Grundvöllur fyrir vali á útfærslu tengingarinnar er sama og áður, þ.e.a.s. nálægð þessara gatnamóta við Arnarnesveg/Salaveg og Arnarnesveg/Fífuhvamsveg.

3. Óskir um aðrar útfærslur á gatnamótunum við Sólarsali

Í deiliskipulagsferlinu komu upp háværar raddir um að halda öllum straumum opnum á tengingunni við Sólarsali. Því voru skoðaðar aðrar útfærslur.

Síða 2/4

Hringtorg

Þessi útfærsla var einnig skoðuð í upprunalegu frumdrögunum (bls 18) og var niðurstaðan sú sama og fékkst í skoðun í núverandi hönnunarferli.



Vegagerðin

Á umræddum vegkafla er takmarkað pláss til suðurs sem gerir það mjög erfitt að koma fyrir hringtorgi af heppilegri stræð. Þá er á umræddum kafla 3% langhalli til vesturs á Arnarnesvegi en á Sólarsölum er um 6% langhalli alveg niður að gatnamótum við Arnarnesveg. Þá er lágmarksfjarlægð milli vegamóta á Arnarnesvegi ekki uppfyllt ef hringtorgi væri bætt við á Sólarsölum.


Þá má leiða líkum að því að sökum þess hve stór munur er á umferðarmagni og umferðarhraða á Arnarnesvegi og Sólarsölum geti umferð frá Sólarsölum átt erfitt með að komast inn í hringtorgið með tilheyrandi töfum.

Það er tekið sérstaklega fram í frumdrögum frá 2002 að hæðarlega Arnarnesvegur er hönnuð með tilliti til hljóðmana og því mun frekari

breyting á hæðarlegu Sólarsala að öllum líkum kalla á víðari opnun á hljóðmönnum sem leiðir til verri hljóðvistar.

T-gatnamót með blöndunarakrein fyrir vinstri beygju

Á fundi með Kópavogsbæ þar sem farið var yfir ábendingar vegna deiliskipulags kom fram ósk frá sveitarfélaginu að skoðað yrði að breyta gatnamótum við Sólarsali til samræmis við gatnamót á Suðurlandsvegi við Bláfjallaveg.



Ísla 3/4

Þar sem að deiliskipulagið fyrir Arnarnesveg tekur á framtíðar breikkun Arnarnesvegar í 2+2 veg, þyrfti að bæta við þriðju akreininni til að koma sambærilegri lausn fyrir. Til samanburðar er Suðurlandsvegur 1+1 á þeim kafla sem tengingin er við Bláfjallaveg. Að auki samræmist það ekki veghönnunarstöðlum að hafa slík gatnamót á Arnarnesvegi við Sólarsali vegna nálægðar við önnur gatnamót.

Vegagerðin

4. Undanþágubeiðni frá Veghönnunarstöðlum

Til að koma til móts við Kópavogsbæ og íbúa Sólarsala var skoðað hvort hægt væri að leyfa vinstri beygju af Arnarnesvegi inn á Sólarsali en loka vinstri beygju af Sólarsólum inn á Arnarnesveg. Vegna nálægðar við gatnamótin við Salaveg þarf að fá undanþágu hjá vegamálastjóra frá því að uppfylla veghönnunarstaðla.

Sótt var um undanþágu á grundvelli þess að með því að fækka bágapunktum frá því sem nú er væri verið að auka öryggi á gatnamótunum miðað við núverandi aðstæður.

Beiðninni var hafnað og bent á að Arnarnesvegur væri skilgreindur sem A22 og því ætti að vera lágmark 600m milli gatnamóta en milli Sólarsala og Salavegs eru innan við 300m.

5. Samantekt

Minnisblað þetta tekur saman forsendur fyrir hönnun tengingar við Sólarsali. Við gerð frumdraga frá 2002 kom fram að núverandi gatnamót sem leyfir vinstribeygjur hefur verið skilgreind sem tímabundin lausn og er samkomulag á milli Vegagerðarinnar og Kópavogs um þetta.

Til að koma til móts við ábendingar frá íbúum var skoðað hvort mögulegt sé að setja hringtorg (einnig skoðað í frumdrögum 2002) eða T-gatnamót svipuð þeim sem eru við Suðurlandsveg/Bláfjallaveg. Skoðun leiddi í ljós að hvorug útfærsla er æskileg á þessum stað. Þar að auki samræmast þær ekki veghönnunarstöðlum.

Sótt var um undanþágu frá veghönnunarstöðlum fyrir að halda núverandi gatnamótum með þeirri breytingu þó að bönnuð yrði vinstri beygja af Sólarsölum en áfram væri leyfð vinstri beygja inn á Sólarsali. Sækja þurfti um undanþágu frá veghönnunarstöðlum fyrir þessari útfærslu og var henni hafnað á grundvelli þess að of stutt er á milli gatnamóta.

Eftir skoðun á mögulegum útfærslum er niðurstaðan sú að eina ásættanlega lausnin með tilliti til veghönnunarstaðla og umferðaröryggis er að gatnamótum við Sólarsali verði breytt í hægri inn og hægri út. Þessi útfærsla er í samræmi við upphaflegar áætlanir um Arnarnesveg á þessum kafla.

Síða 4/4

Vegagerðin